Námsgrein: Náttúrufræði 5.bekkur

Tímafjöldi á viku: 3 klst.

Kennarar: Guðmundur Friðbjarnarson og Hildur Eva Guðmundsdóttir

Námsefni: Bókin Náttúrulega 1 er grunnbókin sem notuð verður ásamt ítarefni frá kennara.

Kennsluaðferðir og skipulag: Umræður, samvinna nemenda, einstaklingsvinna, verkefnavinna og verkleg kennsla. Í tímum er lögð áhersla á þátttöku, vönduð vinnubrögð og góð samskipti.

Námsmat: Símat. Unnin verða ýmis konar verkefni sem og að þátttaka og virkni í kennslustundum fer inn í matið.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar:
Læsi	Að nemendur geti lesið í umhverfi sitt og þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun.
Sjálfbærni	Að skapa náms- og vinnuumhverfi þar sem nemendur verða samábyrgir.
Heilbrigði og velferð	Að efla sjálfstæði nemenda í vinnu og námi og efla sjálfsmynd nemenda.
Lýðræði og mannréttindi	Að virða rétt allra nemenda og ákvarðanir teknar á lýðræðislegan hátt. Að taka tillit til þarfa einstakra nemenda og ábyrgðar þeirra á náminu.
Jafnrétti	Að hafa jafnrétti nemenda á ólíkum forsendum í fyrirrúmi, þar sem eiginleikar og þarfir hvers og eins eru hafðir að leiðarljósi.
Sköpun	Að nemendur vinni margvísleg verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín. Að skapa tækifæri til að miðla verkum til annarra.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Flóra og fána	Náttúrulega 1	**Að nemandi geti:** – Lesið og skrifað um hugtök í náttúrvísindum. – Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni. – Lýst samspili lífvera og lífvana þátta, tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu. – Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tenglsum þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.	– Símat – Kaflapróf – Námsmatsverkefni – Kannanir – Þátttaka í tímum
Sjáðu líkamann minn	Náttúrulega 1	**Að nemandi geti:** – Lesið og skrifað um hugtök í náttúrvísindum. – Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama. – Líst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum. – Útskýrt lífsskilyrði og helstu áhættuvalda í umhverfinu.	
Tækni og nýsköpun	Náttúrulega 1	**Að nemandi geti:** – Lesið og skrifað um hugtök í náttúrvísindum. – Fjallað um þektar tækninýjungar eða vísinda uppgötvandir og áhrif þeirra á atvinnuþætti og mannslíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru. – Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans. – Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks. – Hlustað á, metið og rædd hugmyndir annarra.	

Skiptist á skyn og skúrir	Náttúrulega 1	**Að nemandi geti:** – Lesið og skrifað um hugtök í náttúrvísindum. – Gert sér grein fyri rmikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri. – Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni. – Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi. – Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti.	
Út um mela og móa	Náttúrulega 1	**Að nemandi geti:** – Lesið og skrifað um hugtök í náttúrvísindum. – Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir. – Tekið eftir og rætt atburði í umhverfi sínu og gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa. – Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru. – Útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist. – Rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndun gróðurs.	

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Menntun fyrir öll: Að nemendur fái jafnan aðgang að námi og námstækifærum.



Aukinn jöfnuður: Að við lærum um mikilvægi þess að gæta jarðarinnar okkar, sjálfbærni og misskiptingu auðs.



Friður og réttlæti: Að við vöndum okkur í samskiptum og berum virðingu fyrir hvert öðru og jörðinni.



Heilsa og vellíðan: Að stuðla að vellíðan allra barna inn í kennslurými.